



Reglur Afreks- og viðurkenningarsjóðs Norðurþings

1. gr. Hlutverk

Afreks- og viðurkenningarsjóður Norðurþings er sjóður til styrktar efnilegum ungmennum í Norðurþingi, til æfinga og keppni, jafnt innan lands sem erlendis.

2. gr. Fjármagn

Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldu- og þjónusturáði Húsavíkurbæjar og er eign Norðurþings. Sjóðurinn er í vörslu Fjölskylduráðs Norðurþings.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- Árlegt framlag úr aðalsjóði Norðurþings samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarstjórnar Norðurþings.
- Önnur tekjuöflun, s.s. styrkir og frjáls framlög.

3. gr. Skipan og hlutverk stjórnar

Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar Fjölskylduráðs Norðurþings. Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum sjóðsins sbr. 4. gr. Íþrótta- og tómstundafulltrúi hefur eftirlit með fjárreiðum sjóðsins og hefur tillögurétt á fundum stjórnar sjóðsins. Starfstímabil stjórnar er samhlíða starfstíma nefndarmanna í Fjölskylduráði Norðurþings.

4. gr. Markmið

Markmið sjóðsins er að veita styrki til efnilegra ungmenna að 25 ára aldri í eftirtöldum flokkum:

1. Afreksefni
2. Ferðakostnaður vegna landsliðskeppnisferða.
3. Styrkveiting landsliðsfólks.

Viðurkenningar óháð aldri í eftirtöldum flokkum:

4. Íslandsmeistarar og bikarmeistarar

Styrkir:

1. Afreksefni

Afrekssjóður styrkir ungmenni að 25. aldursári, sem talin eru með markvissri þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu á landsvísu. Úthlutun er einu sinni á ári.

Markmiðið er að ná til og styðja við einstaklinga sem standa framarlega í sinni grein, eru efnilegir og stunda sína íþróttagrein vel. Eru ekki endilega í landsliðsverkefnum eða unnið Íslandsmeistaratitla en með aukinni og markvissri þjálfun og metnaði eigi möguleikann á að ná því.

Við styrkveitingar til afreksefna er tekið mið af eftirfarandi:

- Árangri á innlendum og/eða erlendum vettvangi.
- Markmiðum og áætlunum um æfingar og/eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis
- Unnum titlum á undangengnu ári.

Umsóknir skulu berast á rafrænu eyðublaði frá einstaklingum eða forráðarmönnum þeirra innan auglýst frests þar um.

2. Ferðastyrkur vegna landliðsverkefna

Efnileg ungmenni eru styrkt vegna ferðakostnaðar landsliðskeppnisferða erlendis á vegum sérsambanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), að hámarki tvær ferðir á ári. Hámarks styrkur per ferð er 55.000 kr.-.

Umsóknum skal fylgja staðfesting frá viðkomandi sérsambandi ÍSí á þáttöku og kostnaðargreining á hlut viðkomandi í landsliðskeppnisferðinni, eru skilyrði til úthlutunar. Umsóknir skulu berast á rafrænu eyðublaði, sem nálgast má á heimasíðu Norðurlings. Opið er fyrir umsóknir allt árið um kring.

3. Styrkveiting landsliðsfólks

Markmið: Veita efnilegum ungmennum til 25 ára aldurs í landsliðum Íslands viðurkenningu fyrir afreksstarf sitt. Allir iðkendur sem eru skráðir í Íþróttafélag í Norðurlingi og keppa sannanlega undir merkjum þess eru gjaldgengir til styrkveitingar.

Styrkur og viðurkenning: Afrekssjóður veitir peningastyrk fyrir hvern landsliðseinstakling sem keppir/spilar fyrir Íslands hönd á árinu. Stjórn Afrekssjóðs ákveður heildarupphæð sem fer til einstaklinganna með tilliti til fjármagns sem ætlað er til styrkja frá sjóðnum og deilist sú upphæð á heildarfjölda landsliðseinstaklinga innan Íþróttafélaga í Norðurlingi.

Ferli: Aðildarfélög skila inn yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem Íþrótt- og tómstundafulltrúi sendir út til aðildarfélaga í lok árs þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi keppti í og a.m.k. eitt mót/viðburður sem viðkomandi keppti á fyrir Íslands hönd.



Viðurkenningar:

4. Íslandsmeistarar og bikarmeistarar

Markmið: Veita Íþróttafélögum í Norðurlþingi viðurkenningarvott vegna árangurs á landsvísu á undangengnu ári.

Viðurkenning: Sérstakt skjal í ramma með nöfnum allra Íslandsmeistara eða bikarmeistara félagsins. Undirritað af íþrótt- og tómstundafulltrúa og formanni Fjölskylduráðs Norðurlþings. Viðmið stjórnar sjóðsins er að veitaviðurkenningufyriráranguriðkenda 11 áraogeldri.Undantekningar má þó gera ef ástæða þykir.

Ferli: Íþróttafélög skila yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem Íþrótt- og tómstundafulltrúi sendir út til Íþróttafélaga í Norðurlþingi í lok hvers árs. Þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/ eða grein sem viðkomandi varð Íslandsmeistari eða bikarmeistari í.

5. gr. Úthlutun

Afreks- og viðurkenningarsjóður Norðurlþings úthlutar styrkjum og viðurkenningum úr sjóðnum einu sinni á ári í upphafi árs, að undanskyldum styrkjum vegna keppnisferða með landsliðum. Ferðastyrkur er greiddur út þegar umsókn hefur verið yfirfarin og samþykkt. Stjórn sjóðsins skal eftir fremsta megni gæta jafnræðis milli kynja við úthlutun styrkja.

6. gr. Greiðsla styrkja

Styrkir greiðast í einu lagi þegar ákvörðun um styrkveitingar liggur fyrir. Styrkuppþæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

7. gr. Umsýsla sjóðsins

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi sveitarsjóðs Norðurlþings og Norðurlþing greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans. Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita eins og fjölskylduráð ákveður hverju sinni.

8. gr. Breytingar

Verði breytingar á framlagi aðalsjóðs Norðurlþings til Afreks- og viðurkenningarsjóðs sbr. 2 gr. skal Fjölskylduráð Norðurlþings endurskoða reglur þessar með tilliti til styrkuppþæða.



Samþykkt í fjölskyldu- og þjónusturáði 14. september 2005
Samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. september 2005
Breytt í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og þjónusturáðs Norðurlþings 3. júlí 2006.
Breytt í samræmi við samþykkt Tómsunda- og æskulýðsnefndar Norðurlþings 2. september 2014
Breytt í samræmi við samþykkt Tómsunda- og æskulýðsnefndar Norðurlþings 21. september 2015
Breytt í samræmi við samþykktir Norðurlþings á 58. fundi fjölskylduráðs þann 9. mars 2020
Breytt í samræmi við samþykkt á 135. fundi fjölskylduráðs þann 22. nóvember 2022
Samþykkt af sveitarstjórn 1. desember 2022
Breytt í samræmi við samþykkt á 235. fundi fjölskylduráðs þann 10. febrúar 2026
Samþykkt af sveitarstjórn 19. febrúar 2026

